

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/41/EB

2008/EES/73/10

frá 7. september 2005

## um breytingu á tilskipun ráðsins 76/115/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rannsóknir hafa sýnt að notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar getur stuðlað að verulegri fækkun dauðsfalla og alvarleika áverka af völdum slysa, jafnvel þegar um bilveltu er að ræða. Festing þeirra í alla flokka ökutækja mun vera mikilvægt skref í rétta átt til að koma á auknu umferðaröryggi og þar af leiðandi bjarga lífum.
- 2) Ef sett eru öryggisbelti í öll ökutæki mun nást verulegur ávinningur fyrir þjóðfélagið.
- 3) Í ályktun Evrópuþingsins frá 18. febrúar 1986 um sameiginlegar ráðstafanir til að draga úr umferðarslysum á vegum sem er hluti af áætlun Bandalagsins um umferðaröryggi <sup>(3)</sup> var lögð áhersla á þörfina á því að gera notkun öryggisbelta skyldubundna fyrir alla farþega, þ.m.t. börn, nema í ökutækjum í almenningsamgöngum. Því skal gera greinarmun á almenningsvögnum og öðrum ökutækjum hvað varðar skyldubundna ísetningu öryggisbelta og/eða aðhaldsbúnaðar.
- 4) Samkvæmt tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og

eftirvögnum þeirra <sup>(4)</sup> hefur gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins aðeins verið notað fyrir öll ný vélknúin ökutæki í flokki M<sub>1</sub> frá 1. janúar 1998. Þar af leiðandi þarf einungis að setja í þessi ökutæki festingar sem ætlaðar eru fyrir öryggisbelti og/eða annars konar aðhaldsbúnað til að fullnægja ákvæðum 76/115/EBE <sup>(5)</sup>.

- 5) Þar til gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins hefur verið rýmkað þannig að það nái til allra flokka ökutækja skal krefjast ísetningar festinga fyrir öryggisbelti og/eða aðhaldsbúnað, í þágu umferðaröryggis, í vélknúnum ökutækjum í öðrum flokkum en M<sub>1</sub>
- 6) Í tilskipun 76/115/EBE er þegar kveðið á um öll tæknileg ákvæði og stjórnsýsluákvæði er heimila gerðarviðurkenningu annarra vélknúinna ökutækja en í flokki M<sub>1</sub>. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að setja önnur ákvæði.
- 7) Frá gildistöku tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EEB að því er varðar festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum, hafa mörg aðildarríki þegar gert skyldubundin ákvæði hennar varðandi tiltekna flokka vélknúinna ökutækja annarra en í M<sub>1</sub>. Framleiðendur og birgjar þeirra hafa þannig þróað viðeigandi tækni.
- 8) Breyta ber tilskipun 76/115/EBE til samræmis við það.
- 9) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. aukið umferðaröryggi með því að gera skyldubundið að öryggisbelti séu fest í tiltekna flokka vélknúinna ökutækja, verður því markmiði betur náð á vettvangi Bandalagsins og er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 149. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB C 91 E, 15.4.2004, bls. 496), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. janúar 2005 (Stjtið. ESB C 111 E, 11.5.2005, bls. 23), afstaða Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 68, 24.3.1986, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/78/EB (Stjtið. ESB L 153, 30.4.2004, bls. 103).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 6. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB (Stjtið. EB L 187, 26.7.1996, bls. 95).

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Tilskipun 76/115/EBE er breytt sem hér segir:**

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:

„Ökutækjum í flokkum M2 og M3 skal skipt í tvo undirflokkka eins og skilgreint er í 2. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns (\*).“

(\*) Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.“

2) Texta I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Liður 1.9. falli brott,

b) Í stað liðar 4.3.1. komi eftirfarandi:

„4.3.1. Ökutæki sem tilheyra flokkum M1, M2 (í undirflokkum III eða B), M3 (í undirflokkum III eða B) og N skulu búin festingum fyrir öryggisbelti í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.“

c) Í stað liðar 4.3.8. komi eftirfarandi:

„4.3.8. Ekki er krafist beltafestinga fyrir sæti sem einungis eru ætluð til notkunar þegar ökutæki er kyrrstætt né fyrir sæti ökutækja sem ekki falla undir liði 4.3.1 til 4.3.5. Ef settar hafa verið festingar fyrir slík sæti verða þær að vera í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Þó þurfa festingar, sem einungis eru ætlaðar til notkunar í tengslum við belti fatlaðra einstaklinga, eða önnur aðhaldskerfi sem um getur í 2. gr. a í tilskipun ráðsins 77/541 frá 28 júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (\*), ekki að vera í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar svo fremi sem þær eru hannaðar og smíðaðar samkvæmt innlendum lagakröfum til að veita hámarksöryggi í reynd.“

(\*) Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 95. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.“

*2. gr.*

**Fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir fatlað fólk**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 20. apríl 2008, skoða sérstakar verklagsreglur til að samræma kröfur um festingar sem einungis eru ætlaðar í tengslum við öryggisbelti fyrir fatlað einstaklinga, eða allan annan aðhaldsbúnað sem nefndur er í 2. gr. a í tilskipun 77/541/EBE, sem byggist á gildandi alþjóðlegum stöðlum og innlendum lagaskilyrðum, til að

tryggja sambærilegt öryggi og í fyrrgreindri tilskipun. Ef við á, skal framkvæmdastjórnin leggja fram drög að ráðstöfunum. Breytingar á þessari tillögu skal aðlaga í samræmi við 13. gr. í tilskipun 70/156/EBE.

*3. gr.*

**Framkvæmd**

1. Frá 20. apríl 2006, að því er varðar festingar öryggisbelta sem eru í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í tilskipun 76/115/EBE eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki :

a) synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu hvað varðar gerð ökutækis,

b) banna að ný ökutæki sé seld, skráð, eða tekin í notkun.

2. Frá 20. október 2006, að því er varðar festingar öryggisbelta sem eru ekki í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 76/115/EBE eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin að því er varðar nýja gerð ökutækis:

a) ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu,

b) synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Frá 20. október 2007, að því er varðar festingar öryggisbelta sem eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 76/115/EBE eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin:

a) líta á samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum sem ógild að því er varðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/156/EBE,

b) neita að skrá, selja eða taka í notkun ný ökutæki, nema unnt sé að skirskota til ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

*4. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 20. apríl 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 21. apríl 2006.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

#### **Viðtakendur**

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

5. gr.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

#### **Gildistaka**

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. BORRELL FONTELLES

C. CLARKE

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*forseti.*

*forseti.*